

Grunnskóli Vestmannaeyja
Innra mat - skýrsla 2020-2021
Ásdís Steinunn Tómasdóttir
Rósa Hrönn Ögmundsdóttir
Svanhvít Friðþjófsdóttir



Innra mat

Grunnskóli

Vestmannaeyja

Inngangur	3
Um GRV	4
Innramatsteymi	4
Veturinn 2020 - 2021	4
Matsáætlun	6
Gagnaöflun vegna innra mats GRV	6
1. Nám og kennsla:	6
2. Stjórnun og skipulag:	6
3. Innra mat:	6
4. Mannauður:	6
5. Skólabragur:	6
Langtímaáætlun um innra mat GRV	7
Lestur í GRV	8
Lesskimun	8
Fyrirlögn september 2020 - niðurstöður:	9
Fyrirlögn janúar 2021 - niðurstöður:	9
Fyrirlögn maí 2021 - niðurstöður:	10
Niðurstöður úr lesfimi: 1. - 4. bekkur.	10
1. bekkur	10
2. bekkur	11
3. bekkur	11
4. bekkur	12
Hvernig er eftirfylgni háttað í 1. - 4. bekk?	12
5. bekkur	13
Hvernig var eftirfylgni háttað í 5. bekk?	14
6. bekkur	14
Hvernig var eftirfylgni háttað í 6. bekk?	14
7. bekkur	15
Hvernig var eftirfylgni háttað í 7. bekk?	16
Mat: 8. - 10. bekkur	16
8. bekkur	16
Hvernig var eftirfylgni háttað í 8. bekk?	17
9. bekkur	17
Hvernig var eftirfylgni háttað í 9. bekk?	18
10. bekkur	18
Hvernig var eftirfylgni háttað í 10. bekk?	19

Styrkleikar	19
Tækifæri til umbóta	19
Samræmd próf	19
Viðbrögð við niðurstöðum samræmdra prófa í 4. og 7.bekk	20
Íslenska	20
Stærðfræði	21
Almennt	21
Samræmd próf í 9. bekk	21
Viðbrögð við niðurstöðum samræmdra prófa í 9. bekk	22
Tækifæri til umbóta	22
Ungt fólk	23
Skólapúlsinn	23
Styrkleikar	23
Tækifæri til umbóta	24
Starfsmannaviðtöl	24
Samantekt úr starfsmannaviðtölum 2021	24
Kennarar	24
Samantekt úr starfsmannaviðtölum 2021	35
Annað starfsfólk	35
Umbótaáætlun frá síðasta mati	40
Skólinn og skólastarfið	40
Stefnumótun og stjórnun	41
Innra mat	43
Umbótaáætlun 2021 - 2022	43
Lokaorð	46

Inngangur

Í kafla VIII grunnskólalaga nr. 91/2008 er kveðið á um mat og eftirlit með gæðum grunnskólastarfs.

Skv. 35. grein þessara laga er markmið með innra og ytra mati að:

- a. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Þar segir ennfreður í 36. grein um innra mat:

Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Innra mat er samvinnuverkefni alls skólasamfélagsins og allir hagsmunahópar þurfa að koma að helstu þáttum matferlisins, eftir því sem við á. Í teyminu fer fram fagleg ígrundun og greining á gögnum um skólastarfið þar sem mat er lagt á hversu vel tekst að ná þeim gæðum og þeim árangri sem stefnt er að út frá fyrirfram ákveðnum viðmiðum. Skólastjóri ber ábyrgð á innra mati í sínum skóla en mikilvægt er að framkvæmd og ut anumhald dreifist á fleiri aðila.

Í kjölfar mikilla breytinga í stjórnendahópi GRV var innra matsteymi stofnað haustið 2019 til að framfylgja þeim lögum sem vera ber. Teyminu er ætlað að fylgjast með, endurskoða og meta jafnt og þétt skólastarfið í heild sinni og áætla umbætur í kjölfarið. Markmiðið með innra mati er að skólar geti nýtt sér það til raunverulegra umbóta á skólastarfinu.

Í þessari skýrslu er fjallað um innra mat Grunnskóla Vestmannaeyja og lögð fram aðgerðar- og umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.

Um GRV

Grunnskóli Vestmannaeyja hefur starfað sem ein stofnun frá árinu 2006. Áður voru skólarnir tveir með árgöngum frá 1. - 10. bekk en við sameininguna var ákveðið að hafa yngra stig, 1. - 5. bekk, í húsnæði Hamarsskóla og eldra stig, 6. - 10. bekk, í húsnæði Barnaskóla. Frá árinu 2018 varð sú breyting á að Hamarsskóli hýsir nú yngsta skólastigið, 1. - 4. bekk. Ennfremur er starfræk 5 ára deild leikskólans í húsinu. Í Barnaskóla er miðstig (5. - 7. bekkur) og nú með sinn deildarstjóra og unglingastig (8.-10. bekkur) eins og áður. Skólaárið 2020 - 2021 eru 26 bekkjardeildir í skólanum með um 529 nemendum.

Innra matsteymi

Á haustdögum 2019 var myndað matsteymi. Í matsteyminu eru þrír deildarstjórar, tveir kennarar, einn stuðningsfulltrúi, einn ritari, einn nemandi og eitt foreldri. Teymið skiptir með sér verkum, kýs formann, fer yfir langtímaáætlunina og vinnur að endurskoðun starfsáætlunar, skólanámsskrár og læsisstefnu.

Veturinn 2020 - 2021 var teymið ekki virkt sem slíkt en deildarstjórar sinna samantekt á mælanlegum þáttum skólastarfsins.

Veturinn 2020 - 2021

Umbótaáætlun og áætlun fyrir þennan vetur var gerð að vori sem gildi fyrir þennan vetur. Haustið fór þó ekki af stað eins og ætlað var enda covid faraldri ekki lokið.

Matsteymi var ekki kallað saman enda ekki leyfilegt að funda.

Ákveðið var að einblína að þessu sinni á það sem hægt væri að mæla svo sem lesfimi og aðrar samræmdar mælingar.

Í áætlun vetrarins gerðum við ráð fyrir því að skoða kennslustundir en í ljósi aðstæðna var það ekki hægt. Sú áætlun færir því yfir á næsta vetur sem verður vonandi laus við takmarkanir.

Umbótaáætlun var fylgt eftir að mestu leyti enda aðallega á ábyrgð stjórnenda fyrir utan umbætur á innra mati sem færir þá yfir á næsta vetur.

Matsáætlun

Gagnaöflun vegna innra mats GRV

1. Náms og kennsla:

- 1.1 Inntak, árangur og framfarir (skimanir, próf, hæfniviðmið)
- 1.2 Skipulag náms og námsumhverfi
- 1.3 Kennsluhættir og gæði kennslu (rýnihópar kennarar)
- 1.4 Námsættir og námsvitund
- 1.5 Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda (rýnihópar nemendur)
- 1.6 Skóli án aðgreiningar

2. Stjórnun og skipulag:

- 2.1 Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi (könnun, starfsmannaviðtöl)
- 2.2 Stjórnun skólans (könnun - starfsmannaviðtöl)
- 2.3 Faglegt samstarf
- 2.4 Skólaþróun og starfsþróun
- 2.5 Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur (matsteymi)

3. Innra mat:

- 3.1 Framkvæmd innra mats (matsteymi)
- 3.2 Umbótastarf í kjölfar innra mats (matsteymi)

4. Mannauður:

- 4.1 Fagmennska starfsfólks og endurmenntun (endurmenntunarskjöl, Skólapúls)
- 4.2 Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað (kannanir, Skólapúls, viðtöl)

5. Skólabragur:

- 5.1 Viðmót og menning (SVÓT? Skólapúls)
- 5.2 Velferð og líðan nemenda (Skólapúls)
- 5.3 Samstarf heimila og skóla (samantekt foreldrafélag).

Langtímaáætlun um innra mat GRV

Viðfangsefni	2019-2020	2020-2021	2021-2022	2022-2023
1. Nám og kennsla:				
1.1. Inntak, árangur og framfarir	x	x	x	x
1.2 Skipulag náms og námsumhverfis		x	x	x
1.3 Kennsluhættir og gæði kennslu		x	x	x
1.4 Náms hættir og námsvitund		x		x
1.5 Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda			x	
1.6 Skóli án aðgreiningar			x	
2. Stjórnun og skipulag:				
2.1 Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x			
2.2 Stjórnun skólans	x		x	
2.3 Faglegt starf		x		x
2.4 Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x			
2.5 Skólaþróun og starfsþróun		x		x
3. Innra mat:				
3.1 Framkvæmd innra mats	x	x	x	x
3.2 Umbótastarf í kjölfar innra mats	x	x	x	x
4. Mannauður:				

4.1 Fagmennska starfsfólks/endurmenntun	x		x	
4.2 Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað.	x		x	
5. Skólabragur				
5.1 Viðmót og menning	x			
5.2 Velferð og líðan nemenda	x	x	x	x
5.3 Samstarf heimila og skóla	x		x	

Lestur í GRV

Grunnskóli Vestmannaeyja leggur mikla áherslu á læsi og starfar skólinn eftir öflugri og metnaðarfullri læsisstefnu sem er aðgengileg á heimasíðu skólans; [Læsisstefna GRV](#) . Mat á árangri fer fram skv. Lesferilsáætlun Menntamálastofnunar; [Um Lesferil](#) sem er matstæki á grunnþáttum læsis.


Nemendur hafa fyrir fyrsta bekk verið prófaðir með Hljóm - 2 sem er skimun sem gerð er til að meta hljóðkerfis- og málvitund barna. Markmiðið er að greina áhættu fyrir síðar lestraerfiðleika.

Lesskimun

Lesfimiþróf Menntamálastofnunnar eru lögð fyrir skv. áætlun í öllum árgöngum skólans. Prófið er staðlað og er ætlað til að meta stöðu nemenda í nákvæmum raddlestri og framfarir á skólaárinu og á milli ára. Prófin eru tekin þrisvar yfir skólaárið. Viðmið eru fyrirbyggjandi fyrir hvern árgang


Grunnskóli Vestmannaeyja hefur lagt lesfimiþrófin fyrir nemendur frá árinu 2016. Þykir það almennt gott tæki til samanburðar og til að meta framfarir á hraðlestri.

Fyrirlögn september 2020 - niðurstöður:




Skólinn er um eða yfir landsmeðaltali í öllum árgöngum nema 2. og 9. bekk.

Fyrirlögn janúar 2021 - niðurstöður:



Greinileg hækkun er á leshraða nemenda og 2. bekkur nær landsmeðaltalinu en í september. 9. bekkur er rétt undir landsmeðaltalinu en allir árgangar hafa hækkað sig, 4., 6. og 10. bekkur eru allir vel yfir landsmeðaltalinu.

Fyrirlögn maí 2021 - niðurstöður:



Hér má sjá að allir árgangar eru um eða yfir landsmeðaltalinu að undanskildum 9. bekknum. 4., 6. og 10. bekkur eru allir vel yfir landsmeðaltalinu. Allir árgangar hafa bætt sig í orðafjölda.

Niðurstöður úr lesfimi: 1. - 4. bekkur.

1. bekkur

Í þessum árgangi eru 57 nemendur í **september**, 49 tóku prófið og eru niðurstöður eftirfarandi:

Viðmið Orð á mín	UV > 20	V1 20 - 54	V2 55 - 74	V3 < 75
Fjöldi nemenda	43	5		1

Það er mikilvægt að hafa í huga að þessi viðmiðunarorðafjöldi miðast við lok skólaárs í 1. bekk.

Í þessum árgangi eru 61 nemendur í **maí**, 59 tóku prófið og eru niðurstöður eftirfarandi:

Viðmið Orð á mín	UV > 20	V1 20 - 54	V2 55 - 74	V3 < 75
Fjöldi nemenda	1	29	18	11

2. bekkur

Í þessum árgangi eru 59 nemendur í **september** og eru niðurstöður eftirfarandi:

Viðmið Orð á mín	UV > 40	V1 40 - 84	V2 85 - 99	V3 < 99
Fjöldi nemenda	38	19	1	1

Það er mikilvægt að hafa í huga að þessi viðmiðunarorðafjöldi miðast við lok skólaárs í 2. bekk.

Í þessum árgangi eru 61 nemendur í **maí** og eru niðurstöður eftirfarandi:

Viðmið Orð á mín	UV > 40	V1 40 - 84	V2 85 - 99	V3 < 99
Fjöldi nemenda	2	38	14	7

3. bekkur

Í þessum árgangi eru 46 nemendur í **september** og eru niðurstöður eftirfarandi:

Viðmið Orð á mín	UV > 55	V1 55 - 99	V2 100 - 119	V3 < 119
Fjöldi nemenda	19	18	6	2

Það er mikilvægt að hafa í huga að þessi viðmiðunarorðafjöldi miðast við lok skólaárs í 3. bekk.

Í þessum árgangi eru 49 nemendur í **maí** og eru niðurstöður eftirfarandi:

Viðmið Orð á mín	UV > 55	V1 55 - 99	V2 100 - 119	V3 < 119
Fjöldi nemenda	7	25	7	10

4. bekkur

Í þessum árgangi eru 55 nemendur í **september** og eru niðurstöður eftirfarandi:

Viðmið Orð á mín	Uv > 80	V1 80 - 119	V2 120 - 144	V3 < 144
Fjöldi nemenda	17	23	7	8

Það er mikilvægt að hafa í huga að þessi viðmiðunarorðafjöldi miðast við lok skólaárs í 4. bekk.

Í þessum árgangi eru 55 nemendur í **maí** og eru niðurstöður eftirfarandi:

Viðmið Orð á mín	Uv > 80	V1 80 - 119	V2 120 - 144	V3 < 144
Fjöldi nemenda	5	14	13	23

Hvernig er eftirfylgni háttað í 1. - 4. bekk?

Árgangnum er skipt upp skv. niðurstöðum Lesferils að hausti og unnið er 5 vikur skv. Leið til læsis. Þar sem flestir eru undir viðmiðum eða í viðmiði 1 í byrjun skólaárs er ekki hægt að nota viðmiðin til að skipta árgöngunum en orðafjöldi er hafður til hliðsjónar engu að síður.

Unnið er markvisst með lestur, lesfimi og lesskilning þvert á árganga í litlum hópum. Árganginum er þannig skipt upp í hópa þar sem hverjum hópi fyrir sig er mætt þar sem hann er staddur í sínu lestrarferli. Þessi vinna hófst í lok október og henni lauk í lok nóvember. Þar sem stærsti hluti lestrarþjálfunar fer fram heima var einnig sent út þjálfunarefni sem foreldrar, barna sem þurfa á því að halda, geta stuðst við og stuðlað að betri árangri barna sinna í lesfimi.

Á vorönn voru hóparnir endurskoðaðir skv. niðurstöðum lesfimiþrófa í janúar og með hliðsjón af mati kennara. Unnið var skv. Leið til læsis með lesfimi, lestrarlag, lesskilning og skrift sem viðfangsefni. Á þessu tímabili voru fleiri kennarar sem komu að vinnunni þannig að auðvelt var að miða kennsluna að hverjum og einum.

Seint í apríl var lestrarátak á öllu yngsta stigi þar sem nemendur söfnuðu geimskrímslum fyrir ákveðinn fjölda lesinna mínútna. Fór það eftir aldri hversu margar mínútur lágu að baki “verðlaununum”. Þetta heppnaðist mjög vel og margir juku lestíma sinn til muna.

5. bekkur

Í þessum árgangi eru 49 nemendur í **september**, 48 tóku prófið og eru niðurstöður eftirfarandi:

Viðmið Orð á mín	Uv > 90	V1 90 - 139	V2 140 - 159	V3 < 160
Fjöldi nemenda	19	20	7	2

Það er mikilvægt að hafa í huga að þessi viðmiðunarorðafjöldi miðast við lok skólaárs í 5. bekk.

Í þessum árgangi eru 51 nemendur í **maí**, 50 tóku prófið og eru niðurstöður eftirfarandi:

Viðmið Orð á mín	Uv > 90	V1 90 - 139	V2 140 - 159	V3 < 160
Fjöldi nemenda	14	17	8	11

Hvernig var eftirfylgni háttað í 5. bekk?

Fyrir lesfimi í janúar var unnið með 3x mínúta í yndislestri. Eftir lesfimi fóru þeir sem voru undir viðmiðum í fimmuna. Páskalestur var fyrir þá sem vildu. Fyrir lesfimi í maí notuðum við maí lestrarhest frá 6. bekk. Lestrarkassinn fyrir Orðarún í maí.

6. bekkur

Í þessum árgangi eru 53 nemendur í **september**, 52 tóku prófið og eru niðurstöður eftirfarandi:

Viðmið Orð á mín	Uv > 105	V1 105 - 154	V2 155 - 174	V3 < 175
Fjöldi nemenda	18	23	5	6

Það er mikilvægt að hafa í huga að þessi viðmiðunarorðafjöldi miðast við lok skólaárs í 6. bekk.

Í þessum árgangi eru 53 nemendur í **maí**, 52 tóku prófið og eru niðurstöður eftirfarandi:


Viðmið Orð á mín	Uv > 105	V1 105 - 154	V2 155 - 174	V3 < 175
Fjöldi nemenda	13	14	11	15

Hvernig var eftirfylgni háttað í 6. bekk?

Strax um haustið fóru umsjónarkennarar 6. bekkjar í átak þar sem unnið var með þrennu í skólanum. Nemendur lásu 3x frá sama upphafspunkti í 2 mínútur í senn. Þessi vinna var með yndislestrarbókunum þeirra. Þessi vinna var 3x í viku og stóð í 4 vikur. Eftir þetta voru nemendur með litla stílabók sem þau fengu 4 mín. til að skrifa örstutt um innihald textans var sem þau voru að lesa. Samhliða þessu voru nemendur með Eitt skref í einu sem auka lestrarþjálfun heima. Þetta tókst vel og mátti sjá greinilegan mun á árganginum og margir bættu sig. Sjötti bekkur tók svo þátt í sameiginlegu lestrarátaki á bókasafninu í Bs. fyrir jól þar sem nemendur skrifuðu bókina sem þau lásu í jólakúlu. Í maí fengu nemendur 6. bekkjar svo öðruvísi lestrarhest þar sem heimalestur var með öðru sniði eftir vikum mánaðarins sjá:

[Maí lestrarhestur](#)

Skoraðu á fjölskyldumeðlim í snákaspi!



Heimalestur

Mái



Nafn: _____

1. – 7. maí
Upplæstur- lesa upphátt fyrir foreldri, systkini eða aðra ættingja.

Dags	Hvað var lesið og fyrir hvern?

8.- 16. maí
Frjáls lestur - t.d í hljóði, hraðlestur, dagblaðalestur, rafbók, hlustun o.s.frv.

Dags	Hve lengi var lesið og fyrir hvern?

17. – 23. maí
Hraðlestur í orðalista - lesa listann 3x. Taka tímann í hvert skipti.

Dags	Tími 1	Tími 2	Tími 3

24. – 28.maí
Hljóðlestur og endursögn - lesa í hljóði og segja frá því sem var lesið.

Dags	Hvað var lesið og hversu lengi?

7. bekkur

Í þessum árgangi eru 61 nemendur í **september**, 55 tóku prófið og eru niðurstöður eftirfarandi:

Viðmið Orð á mín	Uv > 120	V1 120 - 164	V2 165 - 189	V3 < 190
Fjöldi nemenda	27	17	7	4

Það er mikilvægt að hafa í huga að þessi viðmiðunarorðafjöldi miðast við lok skólaárs í 7. bekk.

Í þessum árgangi eru 61 nemendur í **maí**, 59 tóku prófið og eru niðurstöður

eftirfarandi:

Viðmið Orð á mín	Uv > 120	V1 120 - 164	V2 165 - 189	V3 < 190
Fjöldi nemenda	14	26	8	11

Hvernig var eftirfylgni háttað í 7. bekk?

Lestraráttak 7. bekkjar var Eitt skref í einu, tímataka í lestri. Allir nemendur sem voru undir viðmiði og í viðmiði 1 fengu þetta með sér heim, aðrir fengu val um það. Stuðningsfulltrúar og kennarar létu nemendur lesa upphátt fyrir sig í skólanum. Ef tími var knappur var forgangsraðað þannig að þeir sem voru undir viðmiði gengu fyrir. Töluverð bæting var hjá nánast öllum nemendum í leshraða og í einum bekknum náðu sex nemendur viðmiði 3 en áður var eingöngu einn nemandi í því viðmiði. Miklar æfingar á upplestri voru fyrir Stóru upplestrarkeppnina og þá fengu allir nemendur texta með sér heim sem þeir lásu upphátt fyrir foreldra. Á vorönn fór af stað með smá átak í lestri í samstarfi við Sæfinnu á bókasafni. Nemendur máttu ekki velja sér of auðvelda bók heldur varð hún að tengjast áhugasviði nemenda og með samstilltu átaki tókst nánast öllum nemendum að finna bók við hæfi sem kveikti áhuga á lestri. Auk þessa var mikill áhersla á samlestur og lesskilningsþjálfun í 7. bekk, t.d. prufukeyrðu kennarar lesskilningsefnið *Arfurinn* sem vakti lukku. Mikið um samlestur.

Mat: 8. - 10. bekkur

8. bekkur

Í þessum árgangi eru 51 nemendur í **september**, 49 tóku prófið og eru niðurstöður eftirfarandi:

Viðmið Orð á mín	Uv > 130	V1 130 - 179	V2 180 - 209	V3 < 210
Fjöldi nemenda	19	26	4	

Það er mikilvægt að hafa í huga að þessi viðmiðunarorðafjöldi miðast við lok skólaárs í 8. bekk.

Í þessum árgangi eru 51 nemendur í **maí** og eru niðurstöður eftirfarandi:

Viðmið Orð á mín	Uv > 130	V1 130 - 179	V2 180 - 209	V3 < 210
Fjöldi nemenda	12	22	10	7

Hvernig var eftirfylgni háttað í 8. bekk?

Nemendur í 8. bekk komu ekki vel út úr fyrstu lesfímikönnuninni í sept. 2020. Rætt var við alla nemendur og foreldra og sett á mínútuþjálfun fyrir allan árganginn (Þristurinn) á skólatíma. Þá fengu þeir sem voru undir viðmiði 1, 6 vikna þjálfunarverkefni heim sem skila átti til umsjónarkennara í lok nóvember.

<https://laesisvefurinn.is/lesfimi/aefingin-skapar-meistarann/>

Langflestir nemendur bættu sig í janúarskimuninni og kennarar fundu metnað hjá þeim að gera enn betur með vorinu, þeir nemendur sem voru nálægt viðmiði 3 í janúar vildu stefna á að ná því í maí. Aftur var tekin mínútuþjálfun í apríl-maí, með örlítið breyttu formi. Í maískimuninni sáu umsjónarkennarar enn framfarir og aðeins einn nemandi lækkaði svo mark sé á takandi, aðrir stóðu í stað (1-3 orð + eða -) eða hækkuðu sig. Lög var mikil áhersla á yndislestur og reyndu umsjónarkennarar eftir bestu getu að fylgja heimalestri eftir en áberandi samhengi er á milli heimalesturs og útkomu úr lesfímikönnunum.

Umsjónarkennarar telja mikilvægt að setja ítarlegar reglur um heimalestur og að eftirfylgni sé á höndum annarra en umsjónarkennara, ef þeirra ábendingar duga ekki til. Það sýndi sig í vetur að um leið og deildarstjóri gekk í málið fór að ganga betur að sinna heimalestri á ákveðnu heimili.

9. bekkur

Í þessum árgangi eru 47 nemendur í **september**, 46 tóku prófið og eru niðurstöður eftirfarandi:

Viðmið Orð á mín	Uv > 140	V1 140 - 179	V2 180 - 209	V3 < 210
Fjöldi nemenda	19	20	6	1

Það er mikilvægt að hafa í huga að þessi viðmiðunarorðafjöldi miðast við lok skólaárs í 9. bekk.

Í þessum árgangi eru 47 nemendur í **maí** og eru niðurstöður eftirfarandi:

Viðmið Orð á mín	Uv > 140	V1 140 - 179	V2 180 - 209	V3 < 210
Fjöldi nemenda	13	16	14	4

Hvernig var eftirfylgni háttað í 9. bekk?

Í 9. bekk var unnið með Þristinn og nemendur sem voru UV eða V1 fengu þjálfunarefni frá Helgu Sigrúnu, einnig reyndu kennarar að nota umbunarkerfi. Umsjónarkennarar gáfu nemendum einkunn í bókstöfum fyrir lestrarhest eftir áramót og gafst það vel í 9. GJ en ekki eins vel í 9. ECB.

10. bekkur

Í þessum árgangi eru 38 nemendur í **september** og eru niðurstöður eftirfarandi:

Viðmið Orð á mín	Uv > 145	V1 145 - 179	V2 180 - 209	V3 < 210
Fjöldi nemenda	17	9	7	5

Það er mikilvægt að hafa í huga að þessi viðmiðunarorðafjöldi miðast við lok skólaárs í 10. bekk.

Í þessum árgangi eru 38 nemendur í **maí** og eru niðurstöður eftirfarandi:

Viðmið Orð á mín	Uv > 145	V1 145 - 179	V2 180 - 209	V3 < 210
Fjöldi nemenda	6	15	9	8

Hvernig var eftirfylgni háttað í 10. bekk?

Íslenskukennarar héldu fast í yndislesturinn 20 mín. á dag. Þeir sem voru undir V1 fengu með sér blað heim til æfa hraðann, þristinn. Umsjónarkennari talaði við foreldra og útskýrði ferlið. Þeir sem voru enn undir V1, umsjónarkennari sótti um lesblindipróf fyrir nokkra af þeim. Í íslenskunni var lögð áhersla á bókalestur - yndislestur. Íslenskukennarar tóku hraðstefnumót við bók með öllum árganginum, margir nemendur fundu sér áhugaverða yndislestrarbók í því verkefni. Nemendur lásu fullorðinsbók eftir íslenskan höfund og skrifuðu bókmenntaritgerð í kjölfarið. Nemendur lásu fyrri hluta *Korku sögu - Við Urðarbrunn*, svöruðu krossaprófum og unnu verkefni í tengslum við söguna. Nemendur lásu *Engla alheimsins*, svöruðu krossaprófum og unnu verkefni í tengslum við söguna. Kennari las *Gísla sögu Súrssonar* með bekknum, nemendur lásu með og hlustuðu, svöruðu krossaprófum og unnu verkefni í tengslum við söguna. Auk þess lásum nemendur smásögur og lagatexta og rýndu sérstaklega í lagatexta með tilliti til skilnings, lesa á milli línanna. Hvað er sagt og hvað er ekki sagt en látið í ljós.

Styrkleikar

- Níu árgangar af tíu eru um eða yfir landsmeðaltali í lesfimi.
- Öflug læsisstefna sem tekur til margra þátta lestrarkunnáttu.
- Öflug lestrarteymi á öllum stigum.
- Gott samstarf við bókasöfn skólanna og bæjarbókasafn.

Tækifæri til umbóta

- Menntarannsókn með áherslu á læsi, hugarfar og hreyfingu á yngsta stigi.
- Aðrar nálganir á stöðumat í lestri þar sem hraði er ekki mældur.
- Markviss lestrarkennsla í öllum árgöngum.
- Aukin áhersla á áhugahvetjandi lestrarefni á öllum stigum.
- Öflugri eftirfylgni með heimalestri.
- Öflugri eftirfylgni með yndislestri í skóla og að nemendur lesi fyrir kennara.
- Ánægjulegri skil á heimalestri - sérstaklega á unglingastigi.

Samræmd próf

Samræmd próf í 4. og 7. bekk voru lögð fyrir í september 2020 eins og vera ber.

Í árgangi 4. bekkjar voru 55 nemendur og alls tóku 52 íslenskuprófið og 53 nemendur tóku stærðfræðiprófið, aðeins einn nemandi var með undanþágu og einn nemandi var veikur.

Raðeinkunn skólans í íslensku var 47,8 og skólaeinkunnin var 29,2 eða rétt undir landsmeðaltali. Raðeinkunn skólans í stærðfræði var 46,5 og skólaeinkunnin var 28,9 eða undir landsmeðaltali. Allir nemendur í 4. bekk tóku prófin á sama tíma og teljum við að það

hafi orðið til þess að erfitt var að fylgjast með hverjum og einum nemanda með tilliti til þess að viðkomandi nemandi nýtti sér hjálpargögn eða skiluðu of fljótt.

Örlítil lækkun var bæði í íslensku og stærðfræði frá því í fyrra. Þrír nemendur fengu A og einn B+ en of margir nemendur eru með raðeinkunn á bilinu 1 - 24 og hefur skólinn áhyggjur af því að lesskilningurinn komi ekki nógu vel út. Í stærðfræðinni voru einnig þrír nemendur með A og einn með B+ og langflestir nemendur með raðeinkunnina á bilinu 25 - 75.

Skólanum finnst vanta toppa og er skólinn rétt undir landsmeðaltal í báðum fögum á yngsta stigi.

Í 7. bekk voru 61 nemandi, alls tóku 50 nemendur íslenskuprófið og preyttu 53 nemendur stærðfræðiprófið. Árgangurinn var undir landsmeðaltali í stærðfræði en vel yfir landsmeðaltali í íslensku. Raðeinkunn skólans í stærðfræði var 47,2 og skólaeinkunnin var 28,7. Raðeinkunn skólans í íslensku var 52,2 og skólaeinkunnin var 31,3. Þeir þrír auka nemendur sem tóku stærðfræðiprófið eru allir nýbúar, slakir í lesskilningi og fengu allir D á stærðfræðiprófinu, séu þeir teknir út úr jöfnunni nær skólinn einnig landsmeðaltali í stærðfræði. Íslenskan hækkar á milli ára en stærðfræðin hefur lækkað. Níu nemendur voru með A í íslensku og 7 nemendur voru með A í stærðfræði. Árgangur 2007 hefur bætt sig í íslensku á milli samræmdra prófa 4. og 7. bekkjar en lækkar mikið í stærðfræðinni. Lækkunina í stærðfræðinni má skýra meðal annars með miklum lesskilnings- og námserfiðleikum og því að nemendur sem réðu við stærðfræðiprófin í 4. bekk ráða ekki við lesskilningin í stærðfræðiprófunum í 7. bekk. Það vantaði ekki toppana í 7. bekk en það voru of mörg D í stærðfræðinni.

Viðbrögð við niðurstöðum samræmdra prófa í 4. og 7. bekk

Þó samræmd próf séu aðeins einn mælikvarði af mörgum um árangur nemenda gefa þau vísbendingar um stöðu nemenda miðað við jafnaldra á landsvísu. Það eru margar breytur sem hafa áhrif á árangur nemenda á samræmdum prófum, s.s. nemandinn sjálfur, baklandið, kennararnir, kennsluhættir, námsaðstæður o.s.frv. Skólinn fer nú í greiningarvinnu á miðstigi og mun í framhaldi gera aðgerðaráætlun með það að markmiði að bæta árangur nemenda.

Íslenska

- Halda áfram að vinna eftir áherslubreytingum varðandi lestur. Þegar hraðinn er kominn auka kröfur um að nemendur lesi meira og vinni bæði með texta í skóla og heima.
- Fjölbreyttari texti fyrir nemendur að lesa.
- Markvisst lestrarátak í 4. og 7. bekk .
- Betri eftirfylgni með heimalestri.
- Meiri og markvissari áhersla á lesskilning.

- Aukin áhersla á bókmenntakennslu.

Stærðfræði

- Meiri áhersla á grunnþætti.
- Skoða þá þætti sem komu ekki vel út, og vinna sérstaklega með þá.
- Áhersla á fjölbreyttar og lifandi kennsluaðferðir.
- Hlúa betur að tvítyngdum nemendum og nýbúum.

Almennt

- Áhyggjur af lestri - hvetja til markvissari kennslu þar.
- Skarpari línur varðandi heimanám.
- Auknar kröfur jafnt og þétt á nemendur. Samfella milli stiga.
- Áherslur á miðstig, rýnt til gagns varðandi kennsluhætti.
- Umræða um auknar kröfur farnar af stað.
- Huga vel að tvítyngdum nemendum og nýbúum, greina vandann þar.

Samræmd próf í 9. bekk


Samræmd próf í 9. bekk voru lögð fyrir í mars 2021. Fyrirlögnin fór forgörðum vegna framkvæmdagalla hjá MMS. Gallinn kom fram í fyrsta prófinu, íslenskuprófinu, nemendur lentu í vandræðum með skráningu og duttu út úr prófinu í tíma og ótíma, sumir náðu ekki að klára íslenskuprófið. Í kjölfarið var stærðfræði og enskuprófinu frestað um óákveðinn tíma. Var svo tekið á það ráð í kjölfarið að nemendur hefðu val um hvort þeir þreyttu prófin, annað, bæði eða hvorugt. Í árgangi 2006 eru 48 nemendur. 38 nemendur tóku íslenskuprófið, einn nemandi var færður upp um bekk og tók ekki prófið, aðrir nemendur voru með undanþágu eða veikir á prófdegi.

Tveir nemendur kusu að taka stærðfræðiprófið og fengu þeir B og C. Tveir nemendur kusu að taka enskuprófið og fengu þeir einnig B og C.

Í GRV í íslenskunni voru 26% nemenda með raðeinkunnina 1-24, 61 % nemenda voru með raðeinkunnina 25-75 og 13 % nemenda voru með raðeinkunnina 76-99.

Í stærðfræðinni voru raðeinkunnirnar 45 og 30 og í enskunni voru 74 og 30 sem falla allar í flokkinn 25-75.

Hæfnieinkunnahlutföll
Íslenskuhluti
9. árgangur
Grunnskóli Vestmannaeyja, mars 2021



Hæfnieinkunnir

	Íslenska			Stærðfræði		
	Landið %	Skóli fj	Skóli %	Landið %	Skóli fj	Skóli %
A	8,9%	2	5,3%	12,4%	0	0,0%
B+	11,6%	2	5,3%	19,6%	0	0,0%
B	33,6%	15	39,5%	39,1%	1	50,0%
C+	12,9%	4	10,5%	8,6%	0	0,0%
C	29,4%	13	34,2%	18,5%	1	50,0%
D	3,5%	2	5,3%	1,9%	0	0,0%
Heild		38			2	

Raðeinkunnir

Próf	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Íslenska	Heild	38	10	26,3%	23	60,5%	5	13,2%
	Lestur	38	11	28,9%	22	57,9%	5	13,2%
Stærðfræði	Heild	2	0	0,0%	2	100,0%	0	0,0%
	Reikningur og aðgerðir	2	2	100,0%	0	0,0%	0	0,0%

Viðbrögð við niðurstöðum samræmdra prófa í 9. bekk

- Fundir með kennurum að hausti 2021.
- Hvað skal gera? Hver á áherslan að vera?

Tækifæri til umbóta

- Endurskoða námsefni og kennsluhætti frá 7. bekk til 9. bekkja.
- Halda áfram að leggja áherslu á lestur og lesskilning.
- Hafa meiri hreyfingu á hópunum í þessum fögum - rótera á milli bekkja eftir getu og mæta öllum þar sem þeir eru staddir.
- Vera með almennilegar áskoranir fyrir þá sem eru best staddir námslega.

Ungt fólk

Við gerð þessarar skýrslu hafa engar niðurstöður borist úr könnuninni Ungt fólk.

Skólapúlsinn

Nemendakönnun Skólapúlsins var tekin meðal nemenda í 6. - 10. bekk þar sem áhersla var lögð á virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsu og skóla- og bekkjaranda.

Áhugi og ánægja af náminu meðal nemenda mælist almennt undir landsmeðaltali og er ánægja af lestri og náttúrufræði vel undir því sem gengur og gerist á landsvísu. Í skólanum er lögð mikil áhersla á lestur og eftirfylgni er mikil með heimalestri. Margir sögðust einmitt eingöngu lesa vegna þess að þeir ættu að gera það.

Trú á eigin námsgetu er einnig vel undir landsmeðaltali en það vekur athygli að hún er minnst þegar nemendur máttu ekkert vinna saman vegna sóttvarna. Það segir okkur að samvinna skiptir þau máli og að þau öðlist styrk með því að vera með jafnöldrum sínum í vinnu.

Líðan nemenda í skólanum er aftur á móti góð og á pari við landsmeðaltal. Einnig er ekki hægt að greina það að nemendur verði fyrir einelti í skólanum þar sem tíðni er mjög lág, hvorki meira eða minna en annars staðar á landinu.

Nemendur virðast eiga gott samband við kennarana sína og mælist samband þar á milli lang yfir landsmeðaltali sem og tíðni þess að nemendur fá leiðsögn í náminu.

Agi og þátttaka nemenda í tímum er jöfn landsmeðaltali.

Góður matur, kennararnir, starfsfólkið, loturnar, útisvæðið, vinirnir, frímínúturnar, sanngirni, lpadar og tölvur eru þau atriði sem koma oftast fram þegar nemendur nefna það sem er sérstaklega gott við skólann sinn.

Danska, lestur, einelti, fáar frímínútur, yndislestur eftir frímó, matur, stærðfræði, náttúrufræði, heimavinna, hávaði, maturinn, ekkert, allt er meðal þeirra atriða sem koma fram þegar nemendur nefna það sem mætti fara betur í skólanum sínum.

Styrkleikar

- Nemendum líður vel í skólanum.
- Samband nemenda við kennara er betra en almennt gerist.
- Tíðni leiðsagnarmats er betra en almennt gerist.

- Nemendur finna fyrir aga í kennslustundum.
- Þátttaka nemenda í tímum er góð.
- Spjaldtölvuinnleiðing GRV.

Tækifæri til umbóta


- Tækifæri til að nálgast lestur á nýjan máta.
- Gefa lestri og lestraránægju góð skil á undirbúningsdögum í haust.
- Tækifæri til að nálgast náttúrufræði á nýjan máta til dæmis með samræmingu námsgreina.
- Gefa náttúrufræði góð skil á undirbúningsdögum í haust.
- Leggja áherslu á samvinnu nemenda með tilliti til þess að nemendur hafi meiri trú á eigin getu.
- Auka útikennslu.

Starfsmannaviðtöl

Samantekt úr starfsmannaviðtölum 2021 Kennarar


Ertu sátt/sáttur við eigin frammistöðu í starfi?

53 svör




Hvernig gengur þér að koma til móts við ólíka nemendahópa og bæta námsárangur og líðan?

51 svar




Hvernig ganga samskipti þín á vinnustaðnum?

53 svör




Hvernig gengur samstarfið í þínu teymi? (Teymi getur verið: samkennarar í árgangi, faggreinasamstarf o.s.frv.)

52 svör



Hvernig hefur líðan þín verið í vetur?


53 svör



- Mjög góð
- Nokkuð góð
- Sæmileg
- Nokkuð slæm
- Mjög slæm

Þegar og ef þig vantar stuðning, berðu þig eftir honum?


52 svör



- já
- nei

Færðu þann stuðning sem þú þarft?


49 svör



- Já
- Nei


Þekkir þú aðferðir, Uppeldi til ábyrgðar?

52 svör




Finnst þér þú þurfa upprifjun/endurmenntun í Uppeldi til ábyrgðar ?

51 svar




Hversu vel þekkir þú hugmyndafræði teymiskennslu?

51 svar




Hefur þú áhuga á að kynna þér hugmyndafræði teymiskennslu nánar?

50 svör




Ertu að nota bekkjarfundartímana í vinnu með samskipti?

52 svör



Hversu örugg/ur ertu að halda bekkjarfundi?


51 svar



Hversu örugg/ur ertu að nota eftirfarandi þætti í Mentor ?

Setja inn heimanám.


45 svör



- Mjög örugg/ur
- Frekar örugg/ur
- Óörugg/ur
- Mjög óörugg/ur

Setja inn ástundun.


47 svör



- Mjög örugg/ur
- Frekar örugg/ur
- Óörugg/ur
- Mjög óörugg/ur

Senda ástundun í tölvupósti til foreldra/forráðamanna.


44 svör



- Mjög örugg/ur
- Frekar örugg/ur
- Óörugg/ur
- Mjög óörugg/ur

Búa til námslotur.


46 svör



- Mjög örugg/ur
- Frekar örugg/ur
- Óörugg/ur
- Mjög óörugg/ur

Búa til verkefni.


48 svör



- Mjög örugg/ur
- Frekar örugg/ur
- Óörugg/ur
- Mjög óörugg/ur

Meta hæfni- og matsviðmið.


47 svör



- Mjög örugg/ur
- Frekar örugg/ur
- Óörugg/ur
- Mjög óörugg/ur


Hversu örugg/ur ertu að nota upplýsingatækni í kennslu?

47 svör




Hversu sammála/ósammála ertu að það eigi að leggja áherslu á notkun upplýsingatækni í kennslu?

51 svar




Hvernig getum við stutt við UT í kennslu ?




Hversu vel þekkir þú Læsisstefnu GRV?

48 svör



Hvernig gengur þér að fara eftir Læsisstefnu GRV ?

45 svör



Nefndu þrennt sem þú ert stolt/ur af í GRV	Þrennt sem má gera betur
- Faglegt starf, frábær starfsandi - Skólalóðin mjög flott. Frábært samstarfsfólk, skilningur stjórnenda og alltaf hægt að leita til þeirra ef maður þarf. - Fjölbreytt og metnaðarfullt starf/nám sem unnið er innan veggja skólanna. Eigum svooo mikið að flottu og hæfileikaríkum kennurum og líka nemendum. Frábært og metnaðarfullt starfsfólk, góður andi, tölvukostur góður, og frábært að hafa lpada fyrir hópinn okkar. - Frábært að hafa verkefnisstjóra í tölvumálum, bókasafnið á mikilli uppsiglingu, matráðurinn	- Agamál voru nefnd nokkrum sinnum, vera samstíga og fylgja betur eftir málum og klára. - Vera meira heilsueflandi skóli. - Endurnýja húsgögn - Skipulag v/ frímínútur og mat. - Samræma námsmat, kom nokkrum sinnum fyrir. - Tæknimál nefnd, en allt á réttri leið. - Að fleiri kennarar verði jákvæðari gagnvart tækninni. - Samræma stundatöflur umsjónarkennara og innan árganga. - Minnka álag á kennara, draga úr álagi á

okkar frábær, flottir stjórnendur sem gott er að leita til. • Tölvumál kennara, skólastjórnendur. • Metnaður, virðing, jákvæðni. • Jákvæðni samstarfsfólks, fagleg vinnubrögð og metnaður til að gera hlutina vel. • Fólkinu, vinnuandanum, börnunum. • Kennarar, nemendur, góður starfsandi. • Metnaður, jákvæðni og áhugi. • Flottir unglingar, góður vinnuandi, skóli fyrir alla. • Þróunarvinna tækniteymisins, menntarannsóknin, himingeimaþemað • teymiskennslan, samstarfsfólk, fjölbreyttir kensluhættir. • Starfsfólkið, vinnu nemenda. • Nemendurnir, starfsfólkið. • Metnaður- tölvuvæðing í námsefni, góð samskipti. • Góður andi, allir jafnir og bestí skólinn :) • Nýsköpun, samvinna, metnaður. • Frábært skólastjórategymi , hugmyndaríkir kennarar, mér finnst við líka vera með fullan skóla af fagfólki sem að vill láta hlutina ganga og að nemendunum líði vel. • Mannauður, tækniþróun, samheldni. • Metnaður, ósérhlífni samstarfsfólks og umhyggja kennara fyrir nemendum. • Samstarfsfólk, nemendur, Hermundarverkefnið • Hæfir kennarar, starfsandinn og samvinna/samstaða. • Kennslan, starfsfólkið fagmennska og það hversu dugleg og fljót við erum að aðlagga okkur að breyttum aðstæðum. • Gott samstarfsfólk, metnaður og gleði. • Samstarf, áhuga, jákvæðni. • Jákvætt vinnuumhverfi, allir tilbúnir að hjálpast að. • Góður skólabragur, kurteisi. • Starfsfólkið- faglegur metnaður - áhugi á námi og námsframvindu. Umhyggja fyrir fólki, stóru	umsjónarkennara. • Við þurfum að hægja á okkur og njóta samveru. ekki flýta okkur og vera að ýta á eftir nemendum oft of mikið. • Við þurfum að fá tækifæri til að ræða um það sem betur má fara. • Betri úrræði við samskiptavanda nemenda. • Skyndihjálparnámskeið allavega annað hvert ár. • Upplýsingaflæði mætti kannski vera aðeins betra. • Neikvæðni. • Fegra (mála, laga/hagræða) innanhús í BS. • Aukin og sýnilegri stoðþjónusta almennt. • Laga símkerfi innan skólans. • Skoða loftgæði. • Nýta bókasöfnin betur. • Fleiri örnámskeið t.d. frá Guðbjörgu, vellíðan starfsmanna vera með örnámskeið í jóga, göngur o.s.frv. • Passa upp á kennslurými þegar verið er með stóra hópa. • Blanda betur saman starfsfólki. • Hjúkrunarfræðingur þarf að vera í báðum stofnunum alla daga frá 8-14. • Mér finnst sumt starfsfólk mega taka sig á varðandi kurteisi og hroka. • Gæta orða okkar. • Efla seiglu nemenda. • Skýrari verkaskipting yfirmanna. • Taka tillit til þess að margir eru í hlutastarfi þegar verið er að úthluta verkefnum. • Draga úr óþarfa tilkynningafundum. • Öll tilbreyting góð t.d. þegar kemur að starfsanda. • Námsver, skipulag. • Faglega starfið, bæta. • Stuðningsþjónustan. • Koma betur á móts við nemendur með sérþarfir og nýbúa. • Passa að grauta ekki í of miklu í einu. • Náttúruskólinn, gera betur.
--	--

sem smáu. Mér finnst vera góður starfsandi í skólanum. • Flottir nemendur, samheldið starfsfólk, gott stjórnendateymi. • Vali á unglingastigi, Mæju og skólalóðinni. • Gott starfsfólk, snyrtilegur skóli og lóð, vel tekið á móti nýjum nemendum. • Samstarfsfólk, metnaður og skólastarfið almennt. • Allir viljugir að deila því sem vel gengur og miðla þannig áfram til hinna. Starfsandinn er frábær, -höfum verið að byggja hann upp þó covid sé að trufla og námsmatið er komið á gott flug. • Góður vinnustaðarandi, metnaðarfullir kennarar sem gera sitt allra besta, jákvæðir og mjög sanngjarnir stjórnendur. • Frábærir nemendur. • Þróunarverkefnið sem við erum að fara að taka þátt í. Er mjög stolt af að vera partur af því og frábært að við skulum vera að fara betur í grunninn og vinna vel með hann í stað þess að vera í þessum hraða sem mér finnst svolítið hafa einkennt kennsluna hjá okkur. • Fagleg vinnubrögð, fært starfsfólk, duglegir nemendur. • Metnaðarfullt og framsækið starf, frábærir starfsmenn, allir leggjast á eitt. • Nemendum, kennurum og framtíðarsýnni. • Starfsfólkið, samheldnin, sköpunargáfa kennara. • Góður vinnustaður, hjálpssemi, tilsagnir, hvatning. • Frábært samstarfsfólk, traust stjórnenda og flottir nemendur. • Góð samvinna, frábært starfsfólk, allir að reyna að gera sitt besta fyrir skólann og nemendur. • Metnaðarfullu starfi, góðu starfsfólki og nemendum mínum. • Tölvumálin. • Mikil og spennandi þróun hjá GRV. bæði	• Halda utan um Uppeldi til ábyrgðar. • Upplýsingagjöf er stundum ábótavant, stuttur fyrirvari. Nefnt nokkrum sinnum. • Fagstjórn vantar. • Auka kröfur. • Skólabragur. • Stuðningur í sundi. • Meira sérsund. • GRV ætti að taka þátt að innleiða núvitund í starfi og kennslu til að bæta líðan hjá nemendum. • Koma á framfæri meira af því sem verið er að gera í skólanum þannig að íbúar í Vestmannaeyjum og víðar viti hvað er í gangi og geti verið stoltir af skólanum okkar eins og við erum. /gera okkur sýnilegri). • Í matsalnum- passa að hafa ekki fleiri en einn árgang í einu vegna hávaða. Hljóðeinangrun. • Vanta smá rými fyrir hvern árgang fyrir sig með allskyns efni sem allir geta nálgast. • Auka nemendalýðræði. • Verkleg fög þurfa aukið vægi. • Fjölbreyttara námsmat, hætta að brjóta slaka nemendur niður með sífelldum D mati. • Efla náttúrufræði og eðlisfræði. • Bæta eftirlit í íþróttahúsi. • Þrengsli í skólahúsnæði er starfinu til ama frístund tekur of mikið pláss. • Tónmenntakennsla. • Meiri sköpun, brjóta meira upp, ef það er ekki fundur þá hafa eitthvað annað sem nýtist í starfi s.s para saman kennara til að leysa vandamál eða búa til kennsluefni. • Símaþann nemenda. • Ekki röfla hver í sínu horni, reyna frekar að leysa vandamál áður en þau verða of stór.
--	---


tæknilega og svo nýja verkefnið sem er að fara af stað næsta haust. Einnig er gaman að fylgjast með verkefninu út fyrir bókina. • Spjaldtölvuinnleiðingin, nemendurnir, og samstarfsfólkið. • Starfsfólkið, samvinnan, mórallinn. • Starfsfólk, nemendur. • Maju, samstöðu og vinnuanda. • Starfsaðstaða, starfsfólk, stjórnun. • Frábært starfsfólk og nemendur, metnaður og gleði. • Starfsandanum, nemendum okkar og hversu vel við stöndum okkur.	
---	--

Samantekt úr starfsmannaviðtölum 2021

Annað starfsfólk


Nýtast styrkleikar þínir í starfi?

30 svör




Ertu sátt/sáttur við eigin frammistöðu í starfi?

31 svar




Hvernig gengur þér að koma til móts við ólíka nemendur?

30 svör




Hvernig ganga samskipti þín á vinnustaðnum?

31 svar




Hvernig gengur samstarfið í þínum starfsmannahópi?

31 svar




Hvernig hefur líðan þín verið í vetur?

31 svar




Færðu þann stuðning sem þú þarft?

30 svör




Þekkir þú aðferðir Uppeldi til ábyrgðar?

30 svör



Hefur þú áhuga á að kynnst aðferðum Uppeldi til ábyrgðar nánar?

30 svör



Nefndu þrennt sem þú ert stolt/ur af í GRV	Þrennt sem má gera betur
• Frábært samstarfsfólkið hér, krakkarnir flottir. • Frábær skóli, flottir krakkar, æði starfsfólk. • Jakvæðni, vinnugleði og samstaða. • Starfsfólkið, krakkarnir og góður skóli. • Mikið af góðu starfsfólki, gott samstarf við yfirmenn, flestir að gera sitt besta. • Nemendur, starfsfólk og samvinna. • Gott starfsfólk, frábærir krakkar, góðir yfirmenn. • Hvað okkur gekk vel að tækla covid, hvað það er góður starfsandi og stolt af því þegar vel	• Skólalóðin og skólahúsnæðið vantar úrbætur, tala við nemendur um slagsmála leiki úti. • Skipulag, ákveðni. • Íþróttahús leikfimi+sund. • Betra samstarf við starfsmenn/kennara íþróttahús, bæta aga og umgengni nemenda við hvorn annan og umhverfi sitt. • Húsnæðið og skólalóðin eru orðin mjög þreytt • Bæta samskipti og skipulag, vantar stundum meiri metnað og þolinmæði hjá kennurum.

gengur með minn skjólstæðing. • Góður mórall, frábært fólk og gaman í vinnunni. • Ég er sjúklega stolt af öllum stuðningfulltúum í skólanum. • Almennt góð stjórnun, góð vinnuaðstaða, góður mórall meðal starfsfólks. • Allir fá aðstoð sem þeir þurfa. Hægt að tala við alla. Manni er tekið með opnum örmum. • Jákvæðnina, móralin og hvað allir eru frábærir • Starfsfólkið, metnaður að gera vel, flottir krakkar. • Glaðir nemendur, gott starfsfólk. • Góður mórall, samkennd og virðing. • Gengur vel með skjólstæðing /samstarf milli bekkja og hvernig okkur gekk að vinna í covid aðstæðunum allir lögðust á eitt. • Góður vinnustaður, frábært starfsfólk, góðir nemendur. • Gleði samheldni og góðir yfirmenn. • Metnaðurinn, starfsandinn og nýja verkefnið sem við erum að fara í. • Samstarfsfólkið, vinnuandinn og samvinna við aðra. • Samskipti milli stjórnenda og starfsfólks, starfsfólkið allt. • Starfsfólkinu, hvað gekk vel í covidinu, teymiskennslunni, og nemendunum. • Kaffistofan, mórall hjá starfsfólki og krakkarnir. • Góður starfsmórall, komið til móts við mann. • Umhverfið er notalegt og mér líður vel í vinnu.	• Heilt yfir vantar meiri aga og að nemendur sýni fullorðnum meiri virðingu. • Matsalur of lítill. • Samskipti til foreldra mættu oft vera meiri, þá aðallega þegar eitthvað kemur upp á hjá ákveðnum nemendum. • Úrbætur á skóla. • Samskiptin mættu vera mikið betri. • Styrkja og stytta boðleiðir. • Agi hjá nemendum, meiri upplýsingar til stuðningsfulltrúa. • Vinna í agamálum / orðbragði og kurteisi. • Að fólk beri ábyrgð á vinnustaðnum. • Það sem er að að mínu mati er í vinnslu, útisvæðið :) • Agaleysi og virðingaleysi hjá sumum börnum. • Skipulag í námsveri.
---	---

Umbótaáætlun frá síðasta mati

Skólinn og skólastarfið

Umbótaþættir	Markmið	Aðgerð til umbóta	Ábyrgð	Endurmat	Hvernig gekk?
Agamál - skerpa þarf á verkferlum skólans.	Að allir kunni viðbrögð við þeim agabrotum sem upp koma hverju sinni.	Fara markvisst yfir UTÁ áætlun skólans og þau viðurlög sem á að beita við agabrot.	Stjórnendur og UTÁ teymi skólans.	Við lok árs 2020 og að vori 2021.	Skerpt á verkferlum. Mætti fara betur í UTÁ
Gæsla í Hs áður en skóli hefst.	Að tryggja rólegt andrúmsloft í skólanum til 8:20 þegar kennsla hefst.	Skipulag á neðri hæð bætt á morgnanna.	Stjórnendur	Stöðugt yfir árið.	Stuðnings-fulltrúar byrjuðu í stofum kl. 8:00
Upplýsinga-flæði til foreldra.	Að gæta þess að mikilvægar upplýsingar berist til foreldra eftir skilvirkum leiðum.	Að fylgja eftir tölvupósti með því að nota facebook síður bekkjanna.	Stjórnendur og kennarar.	Stöðugt yfir árið.	Gekk vel. Fundir færri vegna Covid en síminn meira notaður.
Kaffistofa starfsfólks.	Að tryggja gott og rólegt andrúmsloft á kaffistofum þannig að starfsfólk fái frí frá erli dagsins.	Kynning á fundi og eftir-fylgni yfir árið. Slagorð: "Kaffistofan er hvíldarstaður."	Deildarstjórar	Stöðugt yfir árið.	Var ekki gert markvisst. Fjöldatakmörkanir á kaffistofum gerðu það að verkum að minna áreiti var þar inni.
Að upphefja skólann.	Að gera skólann sýnilegan, ekki bara í nær-samfélaginu heldur líka á landsvísu.	Setja það sem verið er að gera í skólanum á fréttamiðla. Vera vakandi fyrir vettvangi.	Stjórnendur og kennarar.	Í lok árs 2020 og að vori 2021.	Ný heimasíða tekin í notkun. FB síðan mikið notuð. Mikil athygli á GRV vegna menntaransóknar.
Ánægjuleg lestrarkennsla.	Að nemendum þyki gaman að lesa og sinni vel heimalestri.	Samstarf við bókasöfn um áhuga-hvetjandi les-efni. Skemmtilegri	Stjórnendur, kennarar, bókasafns-kennarar.	Í lok árs 2020 og að vori 2021.	Skemmtilegir lestrarsprettir m.a. í samvinnu við Bæjarbókasafnið.

		skil á heimalestri, sérstaklega á unglingastigi.			
Námsárangur	Að nemendur fái tæki og aðstæður til að ná sem bestum árangri alla skóla-gönguna.	Fjölbreyttar kennslu-aðferðir. Gott samstarf við heimilin. Endurgjöf sem hjálpar hverjum og einum að bæta sig þar sem hann þarf.	Stjórnendur, kennarar og foreldrar.	Yfir allt skóla-árið.	Mjög mikil bylting í tæknimálum og öflug spjaldtölvu og Chrome book innleiðing. Nemendur að fá aðferðir við hæfi.

Stefnumótun og stjórnun

Umbótaþættir	Markmið	Aðgerð til umbóta	Ábyrgð	Endurmat	Hvernig gekk?
Einkunnarorð og stefna skólans á að verða sýnilegri.	Að þeir sem vinna í skólanum og þeir sem koma í skólann séu meðvitaðir um stefnu skólans og áherslur.	Gera sýnilegt á veggjum skólans hvað það sem er sem skólinn leggur áherslu á.	Þróunarhópur?	Að vori 2021	Gekk ekki enda engir utanaðkoman di velkomnir í skólann v. Covid. Skólinn varð mjög sýnilegur á netinu í staðinn.
Staðsetning stjórnenda á að vera öðrum kunnug.	Að ritari geti ávallt miðlað til annars starfsfólks hvar stjórnendur er að finna.	Hangouts á milli stjórnenda og ritara virkt til að láta vita.	Stjórnendur	Við lok árs 2020 og að vori 2021.	Gekk mjög vel.
Leyfisveitingar starfsfólks.	Að fólk taki leyfi á fyrirfram skilgreindum leyfistími s.s. sumarleyfi.	Starfsmanna-fundur og viðtöl.	Skólastjóri	Við lok árs 2020 og að vori 2021.	Reyndi ekki á þetta v. Covid
Sýnileiki stjórnenda í skólastofum.	Að skólastjórar viti hvað fram fer í kennslustofum dags daglega.	Stjórnendur setji sér vikuáætlum um heimsóknir í bekkir og kalli	Stjórnendur og kennarar	Að vori 2021	Hefði þurft að kanna aftur.

		auk þess eftir því að kennarar láti vita ef eitthvað sérstakt er að gerast t.d. verkefna - kynningar.			
Símanotkun starfsfólks.	Að starfsfólk sé ekki með símana sína sýnilega í kennslustofum og á göngum skólans.				Gekk í flestum tilfellum vel.
Upplýsingaflæði frá skólaskrifstofu til kennara.	Að brúa bilið á milli skólaskrifstofu og starfsmanna á gólfinu.	Sameiginlegir fundir og tölvupóstar til allra.		Að vori 2021	Gekk vel með tilkomu kennsluráðgjafa.
Upplýsingafundir með starfsfólki fyrr á daginn.	Að efla upplýsingaflæði og nýta betur tímann frá 8:00 - 8:20	Að hafa fasta upplýsingafundi frá 8:00 - 8:15.	Stjórnendur	Við lok árs 2020 og að vori 2021	Reyndi ekki á þar sem fundir urðu oftar en ekki rafrænir.

Innra mat

Þessir þættir eru á nýrri umbótaáætlun þar sem ekki tókst að hafa virkt matsteymi þetta árið.

Umbótaþættir	Markmið	Aðgerð til umbóta	Ábyrgð	Endurmat
Fleiri fundir og aukin virkni matsteymis	Að gera fleiri ábyrga fyrir innra mati skólans	Fastsetja tvo fundi á hvorri önn strax að hausti þar sem gerð er áætlun um verkaskiptingu	Deildarstjórar	Að vori 2021
Birting á skýrslu og umbótaáætlun	Að innra mat sé kunnugt þeim sem að skólanum koma.	Birting á heimasíðu ásamt kynningu fyrir starfsmanna-hóp.	Deildarstjórar	Að vori 2021

Umbótaáætlun 2021 - 2022

Næstkomandi vetur mun innihalda margs konar áskoranir og gerum við áætlun skv. því. Fyrst og fremst verðum við að koma til baka í hefðbundið skólastarf með reglulegum fundum, öflugra foreldrasamstarfi sem og samvinnu við samfélagið í heild. Við megum búast við því að þurfa að takast á við afleiðingar Covid - 19, bæði hjá börnum og samstarfsfólki.

Skólinn er að fara að taka þátt í menntarannsókn dr. Hermundar Sigmundssonar í samstarfi við HÍ, Setrið og Samtök atvinnulífsins. Rannsóknin tekur til næstkomandi 1. bekkjar og mun síðan fylgja með þeim árgangi en ætla má að jákvæð áhrif verði greinanleg í skólanum öllum ef vel tekst til.

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðilar
Stjórnun					
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Skólanámskrá er í stöðugri þróun. Áætlanir um innra starf taka mið af skólanámskrá.	Skólanámskrá byggir á Aðalnámskrá grunnskóla og felur í sér náms- og starfsáætlanir skólans og tekur mið af sérstöðu hans. Innra mat miðast við skólanámskrá og þá þætti sem taka þarf á hverju sinni.	Skráning, samræður og gátlistar.	Skólanámskrá verður yfirfarin og tilbúin fyrir haustið 2021. Skammtímaáætlun um innra mat verður tilbúin vor 2021 og er í framkvæmd veturinn 2021 -2022.	Stjórnendur og matsteymi.
Nám og námsumhverfi í GRV					
Skipulag náms og námsaðstæður	Nýjar áherslur á læsi og hvernig á að meta læsi. Lesfimi 2. - 10. b. Aukin áhersla á hreyfingu í upphafi skólastarfs. Aukin eftirfylgni á kunnáttu yngstu nemenda í stærðfræði og náttúrufræði. Aukin vellíðan í skólanum. Spjaldtölvu-innleiðing.	80 % nemenda verða læsir í lok 2. bekkjar. Meiri einbeiting ungra barna í náminu. Að allir fái áskoranir við hæfi. Að allir fái að njóta sín, nýta sína styrkleika og líði vel í skólanum. Að nemendur og kennarar geti nýtt tæknina til	Stöðumat skv. Hermundi. Gátlistar frá Hermundi. Gátlistar og eftirfylgni.	Frá 2021 - 2023. Veturinn 2021 - 2022.	Kennarar á yngsta stigi, fagteymi Kveikjum neistann. Skólastjóri. Kennarar á yngsta stigi, fagteymi Kveikjum neistann. Allir

		viðbótar í námi sínu og kennslu.			
Mat á líðan og velferð barna	Tryggja að börnin fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber.	Að nýta þær bjargir sem til eru til að meta líðan og árangur barna. Hvernig líður nemendum eftir Covid?	Skólapúls. Gátlistar frá Hermundi. Samræður.	Veturinn 2021 - 2022.	Deildarstjórar, matsteymi.
Skólabragur					
Viðmót og menning	Að í skólanum ríki jákvætt andrúmsloft sem einkennist af gagnkvæmri virðingu, skilningi og trausti milli allra aðila.	Andrúmsloftið í skólanum sé afslappað og notalegt. Að samskipti milli allra einkennist af jákvæðni og virðingu.	Samræður og gátlistar allra hópa. Skólapúls.	Veturinn 2021 -2022.	Deildarstjórar, matsteymi.
Þátttaka foreldra í skólastarfi.	Að foreldrar séu virkir þátttakendur í námi barna sinna og séu í góðum og jákvæðum samskiptum við skólann.	Að fá foreldra á hópfunði aftur og að þeir taki þátt í þeim viðburðum sem eru á vegum skólans.	Samræður og gátlistar allra hópa. Skólapúls.	Veturinn 2021 - 2022	Deildarstjórar, matsteymi.
Innra mat					
Að funda reglulega og virkja matsteymi að hausti.	Að gera fleiri ábyrga fyrir innra mati skólans.	Fastsetja tvo fundi á hvorri önn strax að hausti þar sem gerð er áætlun um verkaskiptingu.	Fundir og sameiginlegt svæði á google drifi.	Veturinn 2021 - 2022	Deildarstjórar, matsteymi.
Birting á skýrslu og	Að innra mat sé kunnugt þeim	Heimasíða GRV.		Vor 2022	Deildarstjórar, matsteymi.

umbóta áætlun.	sem að skólanum koma.	Skólahandbók og kynningar.			
-------------------	-----------------------------	-------------------------------	--	--	--

Lokaorð

Hér hafa verið teknir saman þeir þættir innra mats sem metnir voru skólaárið 2020 - 2021. Áætlunin stóðst ekki að öllu leyti eins og greint hefur verið frá í skýrslunni og skýrist það af nokkrum þáttum m.a. tíma sem fór í starfsmannakönnun og covid 19. Einnig má taka það fram að deildarstjórar innan matsteymis mega deila verkefnum með auknum hætti til annarra sem eru í teyminu og verður það gert næsta vetur. Að öðru leyti hefur verið gott að rýna í þá þætti sem teknir voru fyrir að þessu sinni með það að leiðarljósi að bæta það sem þykir ábótavant á komandi árum í samstarfi við aðra sem að skólanum standa.

Bestu kveðjur,

Ásdís Steinunn, Rósa Hrönn og Svanhvít,

deildarstjórar.